

## **Stjórnarfundur Beint frá býli 11.júlí 2012 kl. 21:00**

Mætt á símafund Guðmundur Jón, Heidi og Marteinn.  
Formaður setti fund og gekk til dagskrár.

**Liður 1.** Verkefnið „Hin blómlegu bú“. Búið er að skrifa undir samstarfssamning og verkefnið hafið.

**Liður 2.** Styrkbeiðni frá útgáfu með nafninu „Krækiberjablús“ sem er myndbandsverkefni stílað á erlenda ferðamenn í flugvélum og skemmtiferðaskipum. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 200.000.-

**Liður 3.** Handverkshátíðin og landbúnaðarsýningin á Hrafnagili í ágúst. Um 5 bæir ætla að nýta sér að taka þátt í þessari hátíð en félagið greiðir leigu fyrir 20 fermetra sýningarsvæði og verður Beint frá býli félagið kynnt þar líka.

**Liður 4.** Verkefnið „Sælkeralandið Ísland“. Stjórn sammála um að afþakka gott boð um að styrkja þetta verkefni

**Liður 5.** Ákvörðun tekin að kaupa auglýsingu í Vegahandbókinni fyrir kr. 150.000

**Liður 6.** Stjórn ræddi fyrirhugaða þáttagerð hjá Stöð 2 undir nafni „Beint frá býli“ án samráðs við félagið sem hefur einkaleyfi á nafninu. Stjórn sammála að kaupa auglýsingar í kringum sýningu á þáttunum og er formanni falið að ná samningum um það.

**Liður 7.** Samþykkt að greiða aðstoðarmanni formanns kr. 500.000 fyrir ýmis tilfallandi verkefni.

Ekki meira tekið fyrir. Fundi slitið kl 22:00